

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands

9. maí 2026



Krabbameinsfélagið



Ávarp forseta Íslands



Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
3. Skýrslur aðildarfélaga lagðar fram til kynningar
4. Kynning á starfs- og fjárhagsáætlun til tveggja ára
5. Lagabreytingar
6. Stjórnarkjör
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga, og eins til vara, til eins árs
8. Kosning fimm manna uppstillingarnefndar
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar





Lítum yfir farinn veg



Og til dagsins í dag





2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

Krabbameinsfélag Íslands

Ársreikningur 2025





Kynning ársreiknings

Hér bætist við kynning frá
fjármálastjóra



Tillaga stjórnar Krabbameinsfélagsins um ráðstöfun afkomu ársins

Tillagan verður kynnt á fundinum



Framlag í varasjóð – tillaga stjórnar

Í 6. grein laga Krabbameinsfélagsins segir

Krabbameinsfélag Íslands skal eiga varasjóð. Varasjóði Krabbameinsfélags Íslands er ætlað:

- Að mæta hugsanlegum samdrætti í tekjum.
- Að vera tryggingarsjóður vegna áfalla sem félagið kann að verða fyrir.
- Að fjármagna viðamikil verkefni sem aðalfundur ákveður.

Fé er lagt í varasjóð í samræmi við samþykktir aðalfundar. Varasjóð skal byggja upp að því marki að upphæð hans nemi um það bil kostnaði við meginstarfsemi félagsins, í 12 mánuði. Þar til því marki er náð skal ávöxtun varasjóðs bætt við höfuðstól hans. Ráðstöfun fjár úr varasjóði er aðeins heimil með samþykki aðalfundar. Veðsetning varasjóðs, eða lántaka úr honum til skemmri eða lengri tíma, er óheimil nema með samþykki aðalfundar. Varasjóður skal varðveittur í banka og/eða hjá löggiltu verðbréfafyrirtæki. Meginstefna við vörslu hans skal vera öryggi frekar en há ávöxtun.

Félagið á varasjóð til samræmis við ofangreint en hann hefur ekki verið sérstaklega tilgreindur í ársreikningi félagsins, heldur hluti af eignasafni félagsins.

Tillaga stjórnar Krabbameinsfélagsins:

Stjórn Krabbameinsfélagsins leggur til að aðalfundur samþykki að **900 milljónir króna verði lagðar í skilgreindan varasjóð, sem verði haldið utan um sérstaklega, bæði í eignasafni og ársreikningi félagsins.** Um sjóðinn fer skv. ofangreindri 6. grein laga félagsins.

3. Skýrslur aðildarfélaga lagðar fram til kynningar

Ársskýrslur aðildarfélaga

Fyrir aðalfund 9.5. 2026





4. Kynning á starfs- og fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára



Hér koma viðbótarglærur



5. Lagabreytingar



Tillaga til lagabreytingar lögð fram af stjórn Krabbameinsfélagsins, fylgdi aðalfundarboði

Greinin eins og hún er í dag

3. gr. Aðalfundur.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar, sem halda skal í maí ár hvert. Boða skal til hans á heimasíðu félagsins og með tölvupósti til aðildarfélaga með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fundurinn er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Á árlegum aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Skýrslur aðildarfélaga lagðar fram til kynningar.

Kynning á starfs- og fjárhagsáætlun til tveggja ára.

Lagabreytingar.

Stjórnarkjör.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga, og eins til vara, til eins árs.

Kosning fimm manna uppstillingarnefndar.

Önnur mál.

Hverju starfandi aðildarfélagi er heimilt að senda einn fulltrúa á aðalfund fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeim fjölda, þó aldrei fleiri en sex fulltrúa. Jafnframt hafa stjórnarmenn Krabbameinsfélags Íslands, sem ekki eru kjörnir fulltrúar síns aðildarfélags, sem og starfsmenn KÍ seturétt á aðalfundi með málfrelsi.

Aukaaðalfundur er boðaður ef stjórn telur það nauðsynlegt eða ef aðildarfélög sem samtals eiga rétt til a.m.k. eins fjórða hluta fulltrúa á árlegum aðalfundi senda stjórn rökstudda beiðni um slíkt.

Aukaaðalfundur er boðaður með dagskrá á sama hátt og árlegur aðalfundur og sömu reglur gilda um fulltrúa. Aukaaðalfundur skal halda ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að skrifleg beiðni um hann hefur borist.



Tillaga að breytingu, snýr að röð dagskrárliða og viðbótarlið, ákvörðun um framlag í varasjóð

Breytingin er feitletruð og skáletruð

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.
2. **Skýrslur aðildarfélaga lagðar fram til kynningar.**
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
4. **Ákvörðun um framlag í varasjóð.**
5. Kynning á starfs- og fjárhagsáætlun til tveggja ára.
6. Lagabreytingar.
7. Stjórnarkjör.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga, og eins til vara, til eins árs.
9. Kosning fimm manna uppstillingarnefndar.
10. Önnur mál.

rökstuðningur

Annars vegar er um að ræða breytingu á fundardagskránni, þar sem liðurinn „Skýrslur aðildarfélaga lagðar fram til kynningar“ er færður framar á dagskrá fundarins, í beinu framhaldi af skýrslu stjórnar.

Hins vegar er bætt inn nýjum lið „Ákvörðun um varasjóð“ til að áréttu það sem fram kemur í 6. gr. laga félagsins um að fé skuli lagt í varasjóð í samræmi við samþykktir aðalfundar.



6. Stjórnarkjör



Frá uppstillingarnefnd

Uppstillingarnefnd Krabbameinsfélags Íslands hefur unnið samkvæmt vinnureglum félagsins um kjör í stjórn félagsins og kosningu félagslegra endurskoðenda (skoðunarmanna), sem voru samþykktar á aðalfundi félagsins 13. maí 2006.

Á aðalfundi 2026 ber að kjósa þrjá meðstjórnendur í stjórn félagsins til tveggja ára auk tveggja varamanna í stjórn til eins árs:

- **Sigurður Hannesson**, sem hefur verið meðstjórnandi frá árinu 2020 gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.
- **Vilhjálmur Egilsson**, sem hefur verið meðstjórnandi frá árinu 2022 gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.
- **Vala Smáradóttir**, sem hefur verið meðstjórnandi frá árinu 2024 stígur til hliðar

- **Kjartan Gunnarsson** hefur verið varamaður í stjórn frá 2025 og gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.
- **Eygló Kristjánsdóttir** hefur verið varamaður í stjórn frá 2025 og gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.



Tillaga uppstillingarnefndar

Nefndin leggur eftirfarandi tillögu sína um kjör í stjórn félagsins beint fyrir aðalfund þann 9. maí 2026:

Meðstjórnendur til tveggja ára

- **Sigurður Hannesson**
- **Vilhjálmur Egilsson**
- **Ný - Jóhanna S. Kristjánsdóttir**, sérfræðingur í tóbaksvörnum og formaður KH

Varamenn til eins árs:

- **Kjartan Gunnarsson**
- **Ný - Þórhalla Ágústsdóttir** – hjúkrunarfræðingur með meistaragráðu í krabbameinshjúkrun.

Jóhanna Sigríður Kristjánsdóttir

- B.Sc. í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands 2000
- M.Sc. í heilbrigðisvísindum frá Háskólanum á Akureyri 2011
- Stundakennari við Háskólann á Akureyri frá 2011 við hjúkrunarfræðideildina. Kenni tóbaks- og nikótínvarnir, auk heilbrigðisfræðslu og þekkingarmiðlun.
- Vann í Ráðgjöf í reykbindindi á árunum 2001-2021, ásamt því að vera verkefnastjóri þess í 11 ár.
- Hef haldið fjölda fyrirlestra um tóbak og nikótín í grunn- og framhaldsskólum og fyrir heilbrigðisstarfsfólk og haldið námskeið í reykbindindi bæði fyrir hópa og einstaklinga.
- Sit í samnorrænum samráðshóp í tóbaks- og nikótínvörnum.
- Er í fagraði tóbaksvarna hjá Embætti landlæknis.
- Hef unnið sem hjúkrunarstjóri og/eða deildarstjóri á heilbrigðisstofnun Norðurlands, Austurlands og Suðausturlands og nú í Sunnuhlíð í Kópavogi.
- Stjórnarmaður í Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins frá árinu 2023, formaður frá árinu 2026.



Pórhalla Ágústsdóttir

Ég er hjúkrunarfræðingur á dag- og göngudeild HSA í Neskaupstað sem sinnir meðal annars krabbameinslyfjagjöfum, og er einnig verkefnastjóri í líknarteymi HSA. Ég lauk meistaranámi í krabbameinshjúkrun vorið 2025 og er nú í sérfræðinámi í greininni. Á þeim tæpu 30 árum sem ég hef starfað við landsbyggðarhjúkrun hef ég átt mjög gott samstarf við Krabbameinsfélag Austfjarða og hefur það alla tíð verið frábær bakhjarl bæði skjólstæðinga og HSA. Ég hlakka til að leggja starfi Krabbameinsfélagsins lið og þar sem krabbameinsgreindir og krabbameinsþjónusta á landsbyggðinni búa við sérstakar áskoranir tel ég mjög mikilvægt að rödd og reynsla skjólstæðinga, aðstandenda og heilbrigðisstarfsfólks heyrist í stjórn Krabbameinsfélagsins enda er félagið mjög öflugur aðili í hagsmunagæslu hópsins.



7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara, til eins árs

Uppstillingarnefnd hefur kannað hug núverandi skoðunarmenn reikninga, sem eru þau Birna Guðmundsdóttir og Jón Auðunn Jónsson. Þau, ásamt varamanni Ólafi Dýrmundssyni gefa öll kost á sér til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga.



8. Kosning fimm manna uppstillingarnefndar

Uppstillingarnefnd félagsins skipa þau:

Hrefna Eypórsdóttir, Kristján Freyr Helgason,
Ragnar Davíðsson, Sigríður Zoega, Sigrún L. Magnúsdóttir.

Þau gefa öll kost á sér til endurkjörs.

9. Önnur mál

Ályktanir – verða kynntar á fundinum



Krabbameinsfélagið